

Tillögur Eypings að áhersluverkefnum 2017

Verkefni 2	Þróun og ráðgjöf í menningarmálum
Markmið	Að starfandi verði menningarfulltrúi sem sinni þróun og ráðgjöf í menningarmálum og framfylgi þeirri stefnu sem fram kemur í Sóknaráætlun Norðurlands eystra með það að markmiði að Norðurland eystra verði leiðandi á sviði menningar, lista og skapandi greina.
Stutt verkefnislýsing (hvaða vandamál á að leysa?)	<p>Til að vinna að þeirri stefnu og þeim markmiðum sem fram eru sett í Sóknaráætlun Norðurlands eystra á sviði menningarmála er talið mikilvægt að hafa sérstakan starfsmann, menningarfulltrúa, sem starfar undir hatti Eypings líkt og var þegar sérstakir menningarsamningar voru í gildi.</p> <p>Meðal áhersluatriða er:</p> <p>Að vinna að eflingu samstarfs um menningarmál.</p> <p>Að starfa með og veita upplýsingar til menningarfulltrúa sveitarfélaga.</p> <p>Að stuðla að nýsköpum og fjölbreytni í listum og menningu.</p> <p>Að stuðla að fjölgun atvinnutækifæra á sviði lista og menningar.</p> <p>Að vinna að framþróun hönnunar til atvinnusköpunar og taka þátt í því að koma á fót hönnunarklasa.</p> <p>Að stuðla að jákvæðri þróun menningarstarfs á svæðinu m.a. með vinnu við þróunarverkefni og þátttöku í erlendu samstarfi.</p> <p>Mikilvægt er að áfram verði starfandi menningarfulltrúi í landshlutanum til að fylgja eftir því öflugra starfi sem unnið hefur verið á undanförunum árum. Starf menningarfulltrúa hefur orðið til að efla mjög menningarstarf í landshlutanum.</p> <p>Menningarfulltrúi veitir einnig ráðgjöf og upplýsingar varðandi menningarhluta uppbyggingarsjóðs og umsýslar umsóknir í þann hluta sjóðsins.</p>
Framkvæmdaaðili	Eyping
Samstarfsaðilar	Menningarfulltrúar sveitarfélaga, menningarfulltrúar landshluta, menningarstofnanir, aðrar stoðstofnanir sveitarfélaga, atvinnuþróunarfélög, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og aðliar sem starfa á landsvísu að menningarmálum. Einnig listafólk, stofnanir og aðrir sem vinna að framgangi menningar og lista á svæðinu.
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	Menningarfulltrúa er ætlað að vinna að þeim markmiðum í menningarmálum sem fram eru sett í Sóknaráætlun Norðurlands eystra (bls. 3 og 12 – 13) auk þróunarverkefna sem Menningarráð Eypings hefur staðið að og gert skuldbindandi samninga um.

Árangursmælikvarðar (afurðir og áhrif á samfélagið)	<ul style="list-style-type: none"> • Að viðhalda þeim árangri sem náðst hefur í menningarstarfi samkv. árangursmati Capacent á framkvæmd menningarsamninga. • Stofnaður hafi verið vettvangur skapandi greina – hönnunarklasi. • Fjöldi innlendra og erlendra samstarfsverkefna • Samstarf komið á við ríkið um eflingu barnamenningar. • Fjöldi stærri svæðisbundinna menningarverkefna. • Landshlutinn þekktur fyrir gróskumikið menningarlíf.
Lokaafurð	Starf menningarfulltrúa sem vinnur öflugt þróunar- og ráðgjafarstarf á sviði menningar á grundvelli markmiða sóknaráætlunar.
Tímarammi	Tímarammi verkefnisins er áætlaður til ársins 2019.
Áætlaður kostnaður	10.900.000
Framlag úr sóknaráætlun 2017	10.900.000